

Miðvikudaginn 21. apríl 1993.

Nr. 153/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Lárusi Svavarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. apríl 1993. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur sama dag um framhald gæsluvarðhalds varnaraðila. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttr.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. apríl 1993.

Ár 1993, föstudaginn 16. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Lárusi Birni Svavarsyni, kt. 120951-4839, til lögheimilis að Vegghömrum 47, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til föstudagsins 28. maí nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 2. apríl sl., var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Um var að ræða fimm kærumál, þ. e. frá 23. nóvember 1992, er varðar þjófnað og skjalfals, 13. janúar 1993,

er lýtur að þjófnaði úr íbúð í Breiðholtshverfi, 22. sama mánaðar, er varðar skjalafals, 16. febrúar 1993, er varðar innbrotspjófnað í húsi í Keflavík, og 30. sama mánaðar, er varðar innbrotspjófnað í húsi í Kópavogi, og í tengslum við það skjalafals með tékka, er hurfu í innbrotinu. Kærði hefur játað aðild að öllum framangreindum málum.

Í greinargerð RLR er þess getið, að rannsókn framangreindra mála sé á lokastigi og að þau verði send ríkissaksóknara til ákvörðunar innan fárra daga. Jafnframt er þess getið, að fyrr í mánuðinum hafi ríkissaksóknara verið send sjö kærumál á hendur kærða.

Frammi liggur í málinu sakavottorð kærða. Þar kemur fram, að brotaferill hans er samfelldur frá 1969, en síðasta dóm hlaut kærði í janúar 1992, og samkvæmt greinargerð RLR lauk hann afplánun refsivistar 7. maí sama ár.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og skírskotun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, þykir rétt að taka kröfu RLR um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Lárus Björn Svavarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til föstudagsins 28. maí nk. kl. 16.00.
